



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
við athöfn til minningar um
áhöfnina af kúttinum Önnu í Toftum**

**Dómkirkjan í Reykjavík
6. apríl 2024**

Biskup Íslands,
Færeyingar, Íslendingar,
aðrir áheyrendur.

Við komum hér saman til að minnast allra þeirra sem létust þegar færeyski kútturinn Anna í Toftum sökk við Staðarberg vestur af Grindavík fyrir heilli öld. Sá mannskaði var skelfilegur. Sautján ungir menn hlutu vota gröf, 29 börn misstu föður sinn. Eiginkonur, feður og mæður syrgðu horfna ástvini.

Í Færeyjum var harmurinn mikill á mörgum heimilum og hér var haldin ein stærsta útför sem um getur í sögu Dómkirkjunnar. Hafið tengir okkur, eyþjóðir tvær á Atlantshafi. Færeyingar hafa lengi sótt á Íslandsmið og fengu gjarnan skipsrúm á íslenskum skipum.

Hafið gat verið svo gjöfult en það gat líka verið svo grimmt. Á því fengu þeir að kenna, skipverjarnir á Önnu í Toftum. Um leið og við heiðrum minningu þeirra höfum við í huga öll þau sem látið hafa lífið í sjóslysum að fornu og nýju.

Blessunarlega hefur þeim snarfækkað. Við fögnum því og þökkum fyrir það, við Íslendingar og Færeyingar. Á þessari öld hafa heilu árin liðið án þess að við þurfum að þola líftjón á hafi úti. Vissulega vitum við af þeirri ógn sem þar getur beðið. Í fyrra létust tveir í banaslysum á sjó við Ísland og fyrr á þessu ári fórust tveir skipverjar af færeyska línubátinum Kambi. Við megum því aldrei sofna á verðinum, þurfum ætíð að leita allra leiða til að tryggja öryggi sjófarenda.

Kæru vinir: Ég þakka þeim sem standa að þessari lofsverðu stund hér í Dómkirkjunni í Reykjavík. Þetta er svo sannarlega virðingarvert og fallett framtak.